

Meginatriði hugsmíðahyggjunnar eru þau sem útfærð eru í þemaverkefnum í Valsárskóla/Álfaborg.

1) Þekking og skilningur verður til innra með hverjum nemanda. Fyrri þekking og skilningur nemanda samlagar nýjar upplýsingar að þeirri sem er þegar til staðar eða ef þarf þá aðhæfir hann fyrri þekkingu að þeirri nýju og lærir að nýta sér hana þannig að nemandinn þroskist og ný reynsla verður til.

2) Hver nemandi er sjálfur virkur í að skilja reynslu sína og gefa henni merkingu. Fyrri reynsla nemandans hjálpar honum að túlka og setja merkingar á nýjar upplýsingar, félagsleg samskipti auðvelda nemandanum að túlka þessar nýju upplýsingar. Skilningur er sem sagt byggður af fyrri reynslu og mótaður af henni.

3) Viðfangsefni nemenda í þemanáminu eiga að virkja reynslu þeirra, þekkingu og gildismat. Námsefni er nýtt til þess að gefa nemendum færi á að nota sína fyrri þekkingu og reynslu til að túlka nýja þekkingu. Mikilvægt er að kennarar séu meðvitaðir um þennan þátt í notkun námsefnis og noti spurningar til að hvetja nemendur til að tengja svör sín við það sem þeir vita fyrir í stað þess að einblína á staðreyndir.

4) Í þemanáminu er lögð áhersla á að nám er félagsleg athöfn sem eflist við sameiginlega þekkingarleit. Mikilvæg er að nemendur læri að vinna í hóp, því hópastarf kennir nemendum að taka tillit til skoðana annarra og það víkkar sjónvildarhorninginn hjá nemendum. Samkvæmt hugsmíðahyggjunnar er nám félagsleg samskipti þar sem nemandinn þroskast og öðlast nýja þekkingu og skilning á umheiminum við það að hafa samskipti við aðra einstaklinga.

5) Íhugun (e. reflection) og námsvitund (e. metacognition) gegna lykilhlutverki við myndun þekkingar og skilnings. Nemandinn öðlast meiri skilning ef hann tekur sjálfstæðar ákvarðanir hvernig hann ætlar að nýta sér námið til frekari þekkingar og skilnings. Þegar nemandinn velur sér hvaða leið hann ætlar að taka til að læra þroskast hann sem námsmaður.

6) Nemendur gegna lykilhlutverki við að meta eigið nám. Mjög algengt er að kennarinn setur markmið með námi nemandans og meti árangur hans en áhrifamesta er ef nemandinn metur sjálfan sig og eigið nám, þannig öðlast hann meiri skilning og tekur frekari þátt í náminu. Sjálfsmat og jafningamat er því mikilvægt í þemanáminu og í lok hverrar viku meta nemendur sinn út frá lykilhæfniviðmiðum aðalnámskrá.

7) Afrakstur námsferils (e. learning outcomes) er breytilegur og oft ekki fyrirsjáanlegur. Í skipulagi þemanáms ákveða nemendur afurðir námsins og fá vald toæ að skipleggja nám sitt og hvernig hann eykur frekari þekkingu á viðfangsefninu. Með þessu afsalar kennarinn sér því valdi sem hann hefur yfir námsferli einstaklingsins og nemandinn fer kannski aðra braut en kennarinn var búinn að skipuleggja og það kemur nýtt sjónarhorn á viðfangsefnið.